

Er Ísland bara fyrir Íslendinga?

Sigurður Kristinsson, flutt á borgarafundi í Deigjunni 19. mars 2009.

Ef við finnum fyrir réttlátri reiði út í þá sem settu Ísland á hausinn þá ættum við sömuleiðis að finna fyrir réttlátri reiði í garð þeirra sem segja að Ísland sé bara fyrir Íslendinga. Annað væri mótsögn.

Ég hef sjálfur verið útlendingur í öðru landi í samtals 15 ár. Veit hvað það er að ganga ekki að því vísu að hafa atvinnuleyfi eða dvalarleyfi í landinu og að slíkt sé háð vinnuveitanda. Veit hvað það er að hafa ekki kosningarétt í landinu þar sem maður býr þrátt fyrir að borga þar skatta, eiga þar húsnæði og almennt leggja til samfélagsins á við almenna borgara. Sem betur fer hitti ég aldrei neinn sem sagði: „Bandaríkin fyrir Bandaríkjamenn!“ heldur þvert á móti lýsti fólk í mínu umhverfi yfirleitt mikilli hneykslun yfir þeim skrifræðisþröskuldum sem ég stóð frammi fyrir og þeim mun sem var á minni stöðu og stöðu ríkisborgara. Þetta viðmót skipti mig miklu máli; þröskuldarnir voru ópersónulegir og í kerfinu, en ekki í viðhorfum þess frjálslynda samfélags sem ég samsamaði mig.

Hér er spurt hvort íslenska þjóðin rambi á barmi fasisma; hvort viðmót Íslendinga í garð útlendinga hafi breyst eftir efnahagshrun; hvort útlendingar búsettir á Íslandi finni fyrir óvild í sinn garð; og hvort margir útlendingar séu í efnahagsfjötrum á Íslandi.

Ég hef ekki betri svör við þessum spurningum en hver annar. Þeim er ekki hægt að svara af öryggi nema með því að gera athuganir og safna gögnum á skipulegan hátt. Það er hins vegar afar brýnt að þeim sé svarað og að við fáum að fylgjast vel með þróun viðhorfa gagnvart útlendingum og stöðu þeirra og kjörum. Það er ekki síður mikilvægt en að kanna fylgi stjórnmalaflokkanna.

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst stóð árið 2008 fyrir könnun á viðhorfum til innflytjenda. Skýrsluhöfundar draga tvær meginályktanir af þeim gögnum sem safnað var: Í fyrsta lagi að viðhorf Íslendinga til innflytjenda hafi orðið neikvæðari á síðustu árum samhlíða auknum fjölda innflytjenda. Í öðru lagi að Íslendingar hafi almennt jákvæða afstöðu til innflytjenda í samanburði við aðrar þjóðir. Borin voru saman gögn frá 2005 og 2008 og þróunin var greinileg, bæði hvað varðar afstöðu til þess að hleypa fólki inn í landið og afstöðu til þess hvort æskilegt sé að innflytjendur haldi síðum sínum og venjum.

Við skulum ekki láta það koma okkur á óvart að viðhorfin hafi breyst til hins verra með auknum fjölda innflytjenda. En hvaða áhrif ætli það hafi þá núna að atvinnuleysi var 8,2% í lok febrúar skv. skýrslu Vinnumálastofnunar, og að spáð er að sú tala verði komin í 9,6% um næstu mánaðamót? Til samanburðar var hlutfall atvinnulausra aðeins 1% alveg fram undir þjóðarhrunið í október 2008. Í lok febrúar voru tæplega 2000 þeirra sem skráðir voru atvinnulausir erlendir ríkisborgarar, samkvæmt sömu skýrslu (þar af voru Pólverjar yfir 1200

eða 65%). Í könnun RHB, sem áður var vitnað til, var aðeins einn liður í viðhorfum til innflytjenda óbreyttur frá 2005 til 2008 og það var að Íslendingar voru almennt frekar á því að innflytjendur hefðu jákvæð áhrif á efnahag landsins. Auðvelt er að geta sér til um að eftir efnahagshrunið breytist þetta viðhorf til hins verra og herði þannig á þeirri neikvæðu þróun sem almennt er í viðhorfi Íslendinga til innflytjenda.

Ef við horfum á mannkynssöguna og veltum fyrir okkur mannlegum hvötum og breytni sjáum við að full ástæða er til þess að vera viðbúinn því versta, en um leið nauðsynlegt að berjast fyrir því að samfélagið þróist á forsendum manngildis, réttlætis og samhjárpar.

Við vitum að í sögunni eru sorglega mörg dæmi um að þegar harðnar á dalnum leiti fólk að blóraböggjum og skerpi línurnar á milli þjóðfélagshópa. Slíkir tímar fela almennt í sér þá hættu sem varað er við í yfirskrift þessa borgarafundar. Nægir þar að minna á uppgang nasisma og gyðingahaturs á tímum bugandi stríðsskulda í Þýskalandi millistríðsáranna. En hvernig ætli standi á þessari tilhneigingu í mannlegu samfélagi?

Það er vel staðfest vísindalega að mannskepnan hefur sterka þörf fyrir að tilheyra einhverjum hópi og þá um leið að hópurinn hafi sérkenni og tákn sem skilgreini hann og afmarki frá öðrum. Þörfin fyrir samkenndina býr til þörf fyrir skilgreiningu og orðræðu sem réttlætir aðgreiningu. Í klassískri félagsfræðitilraun (Robbers Cave Experiment, 1961) var ellefu ára strákurum í sumarþúðum skipt í tvo hópa í aðskildum tjaldþúðum. Hóparnir fóru fljótlega að skora á hvor annan í íþróttum og leikjum, sem þróuðust hratt yfir í fánabrennur og annað ofbeldi. Á aðeins fjórum dögum mótaðist umræða innan hvors hóps sem snerist um góða eiginleika eigin hóps og ekki síður um neikvæða eiginleika hins hópsins. Þessi tilraun segir okkur töluvert um mannlega hegðun og varpar ljósi á tilurð og viðgang fordóma og mismununar.

Viðhorf mismununar og fordóma hafa lengi verið til staðar hér á Íslandi eins og annars staðar. Páll Björnsson sagnfræðingur og lektor í nútímafræði við Háskólann á Akureyri hefur gert athyglisverða úttekt á því hvernig slík viðhorf og umræða birtist annað slagið undir rós á opinberum vettvangi fjölmiðla og stjórnmála, en í mun svæsnari mynd á bloggíðum þar sem engin ritstýring þvælist fyrir. Þar birtast fordómarnir grímulausir og má líta á bloggíð sem þann hluta ísjakans sem er undir yfirborðinu, á meðan hófsamari opinber „viðvörunarorð“ um óheftan innflutning fólks eru toppurinn sem sést.

Hér á Íslandi hafa verið tilburðir í þá veru að koma á skipulögðum samtökum þjóðernissinna, sem muni reyna að vinna slíkum viðhorfum fylgi og áhrif í stjórnmálum. Það sama hefur gerst á öðrum Norðurlöndum og víðar. Félag íslenskra þjóðernissinna varð hins vegar fyrir þungu höggi þegar formaður þess, Hlynur Þór Vigfússon, var dæmdur fyrir kynþáttahatur árið 2001. Það var auðvitað gott út af fyrir sig en þó tvíeggjað, því skoðanir geta grassað og orðið súrar og stækar ef þeir sem hafa þær telja að samfélagið banni þær og alla umræðu um þær. Þeir geta þá upplifað sig sem fórnarlömb skoðanakúgunar og hugsanalöggæslu í nafni

pólítísks rétttrúnaðar. Við slíkar aðstæður er mögulegt að finna til reiði og finnast hún réttlát. Við vitum öll að reiðin er hættuleg og getur tekið frá okkur vitið og völdin ef við gætum okkar ekki.

Að geta orðið reiður er samt líka bráðnauðsynlegur og mikilvægur hæfileiki. Sá sem ekki gæti fundið til reiði undir nokkrum kringumstæðum hefði ekki sterkan hvata til að verja það sem honum er kært og dýrmætt gegn þeim ógnum sem að því steðja. Enda segir það sína sögu að þróunarsaga mannkynsins hefur skilað okkur drjúgum slatta af hæfileika til að reiðast, og sá hæfileiki á sér beina hliðstæðu hjá öðrum þróuðum spendýrum. Athugið að reiði er ekki bara einhver tilviljanakenndur æsingur eða óeirð í taugakerfinu, heldur beinist hún alltaf að einhverju viðfangi og tengist ákveðnu viðhorfi til þessa viðfangs. Nánar tiltekið, þá verður maður ekki reiður nema vera reiður út í eitthvað og telja að þetta eða þessi sem maður er reiður út í sé sekur um eitthvað og að reiðin eigi sér þannig réttlætingu. Reiðin beinir hugsunum okkar í þann farveg að leita að og útlista allt það ranglæti og illsku sem við erum reið út í. Reiðin slekkur þannig alls ekki á vitsmununum heldur stýrir hún þeim. Eiginleg reiði væri ekki til án þessa vitsmunalega þáttar, en gallinn er sá að í reiðinni hugsum við yfirleitt ekki rökrétt og tökum ekki tillit til þeirra þátta sem við gerum þegar okkur hefur runnið reiðin. Reiðin gerir okkur þröngsýn, dómhörð og hvatvís.

En þótt maður skipti gjarnan um skoðun þegar manni rennur reiðin, þá er það ekki algilt. Reiði er alltaf vísbending um að þeim reiða finnist að á sér hafi verið brotið og í mörgum tilvikum er það líka alveg rétt að brot hefur átt sér stað. Gott dæmi um þetta er búsáholdabyltingin svokallaða, sem var auðvitað knúin áfram af réttlátri reiði almennings í landinu yfir því að fámennur hópur auðmanna skuli hafa með græðgi og óforsjálni (að ekki sé nú minnst á hrokann og sjálfbirgingsháttinn) sett landið á hausinn og skuldsett næstu kynslóðir, allt í boði stjórnvalda sem enn sátu við völd og neituðu að axla sína ábyrgð. Það er alveg sama hvernig það mál er skoðað fram og til baka, af yfirvegum og jafnvægi, niðurstaðan er og verður að þarna átti sér stað óumræðilegt ranglæti og trúnaðarbrestur milli almennings í landinu annars vegar og auðmanna og stjórnvalda hins vegar.

Hvers vegna finnst okkur þetta svona alvarlegt? Jú það er vegna þess að okkur er tamt og eðlilegt að reiðast þeim sem níðast á góðmennsku okkar, njóta góðs af því að aðrir eru friðsamir, sanngjarnir, samvinnufúsir, góðviljaðir, óvilhallir og bera jafna virðingu fyrir meðborgurum sínum, en eru sjálfir allt hið gagnstæða. Þetta er kallað að taka sér „ókeypis far“ með siðferðinu og það að reiðast slíku fólki er hreinlega partur af því að vera siðferðisvera. Enda er áhrifamikil sú kenning að mannlegt siðferði byggir rökstuðning sinn á nauðsyn þess að í samfélaginu sé virtur sáttmáli sem tryggir frið og traust og er forsenda menningar og velsældar.

Sáttmállinn er þannig forsenda sameiginlegra gæða, sem ekki væru til ef hver og einn hugsaði eingöngu um eigin hag. Án sáttmálans hyrfum við til hins náttúrulega ástands Hobbes, sem er stríð allra gegn öllum. Ef við eigum að komast út úr því og mynda siðað samfélag mega

hvatir okkar ekki einkennast af baráttu fyrir eigin hagsmunum, metingi, og ótta um eigin hag, heldur verða þær af stjórnað af virðingu fyrir öðrum, sanngirni, réttlæti og óhlutdrægni. Hið siðarnefnda er stundum kallað „hið siðferðilega sjónarhorn“. Það felur í sér kröfu um hlutlægni, að sams konar mál skuli dæmd á sama hátt, að það séu engir galdrar í fornaðinu „ég“ sem réttlæti sérmeðferð eða undantekningar frá almennum kröfum.

Enginn gæti lifað sínu eigin lífi eingöngu út frá siðferðilega sjónarhorninu. Það myndi vanta merkingu, sérstaka skuldbindingu, hjartans mál, séreinkenni, tiktúrur. Hins vegar gæti ekkert samfélag staðist ef meðlimir þess teldu sig ekki bundna af siðferðinu. Að siðferðið setji því mörk hvaða markmið við megum setja okkur og hvaða leiðir við megum velja að þeim.

Hvert ná þá landamæri siðferðisins; hverjir eiga að njóta verndar þess og bera siðferðilega ábyrgð? Hvernig svo sem við drögum mörkin, þá er ekki hægt að benda á einhvern þann mun á erlendum ríkisborgara og íslenskum sem myndi ýta þeim erlenda út fyrir verndarvæng siðferðisins. Þess vegna er það svo að þegar menn heyrast segja „Ísland fyrir Íslendinga“, e.t.v. af ótta um eigin hag, í reiði sinni og þröngsýni, þá verðum við að muna að slík aðskilnaðarstefna er andstæð siðferðinu og kröfum þess. Frá siðferðilegu sjónarhorni skiptir ekki máli hvort maður er Íslendingur, Pólverji, Sómalí, Brasilíumaður, eða Japaní. Það sem skiptir máli er að hann eða hún er mannvera: skynsemissvera með sína reisn og sín markmið og tilgang í lífinu, og tilfinningavera sem getur glaðst og fundið til.

Þess vegna segi ég það, að ef siðferðis- og réttlætiskennd okkar fékk okkur til að reiðast auðmönnum og stjórnvöldum (og samsinna jafnvel kröfuspjaldinu „helvítis fökk“), þá ætti hún sömuleiðis að fá okkur til að reiðast þeim sem ógna siðferðinu með boðskap aðskilnaðar og útlendingahatus.

Takk fyrir!